


Munið að börn fá fjölmörg fyrirmæli á dag sum fyrirmæli eru mikilvægari en önnur. Eftirfarandi verkferill er ætlaður nemendum sem þurfa þjálfun í bættri hegðun.

1.10.2025 AGJ

AGA FERILL



Viðmið um hegðunarfrávik og afleiðingar

1. stig

Hegðunarfrávik:

- þras/ögrun/rifrialdi
- stríðni/truflar athafnir/leiki annarra
- truflar kennslu/vinnu annarra
- óumbeðin snerting
- sóðaskapur

Verkferill starfsfólks:

- leiðrétt/leyst á staðnum
- minna á skóla-/bekkjarreglur
- umsjónarkennari látinn vita
- ef ekki tekst að leysa úr atviki er mikilvægt að nemandi og starfsmaður ræði málin, helst samdægurs
- daginn eftir minna nemendur á tilfinningablað

2. stig

Hegðunarfrávik:

- ljótt/særandi orðbragð
- hótun, ögrun með orðum eða gjörðum
- (slær til nemenda, starfsfólks)
- endurtekin stríðni

Verkferill starfsfólks:

- leiðrétt/leyst á staðnum með því að nota lausnablaðið eða aðrar leiðir
- umsjónarkennari látinn vita
- viðkomandi starfsmaður hefur samráð við umsjónarkennara /forstöðumann frístundar um að hringja og senda póst heim og útskýra atvikið
- ef ítrekuð 2. stigs brot eru forráðamenn boðaðir á fund með umsjónarkennara og fundargerð tekin
- gert í samráði við stoðþjónustu

3. stig

Hegðunarfrávik:

- niðrandi orðbragð (rasískt, kynbundið, kynhneigð)
- síendurteknir hrekkir
- ofbeldi/slagsmál/ógnandi hegðun
- skemmdarverk/þjófnaður
- annað (vopn, reykingar, veip, fíkniefni)

Verkferill starfsfólks:

- nemandi er fjarlægður úr aðstæðum, vísað til stjórnenda og viðeigandi afleiðingar ákvarðaðar, situr í frímínútum / lýkur skóladegi hjá skólastjórn eða er sóttur af forráðamanni
- málsatvik skoðuð og skráð á AHA eyðublað. Geymt í rafrænni nemendamöppu. Nemanda gefið tækifæri á að tjá sig að viðstöddum forráðamanni
- nemandi fyllir út lausnablað heima og mætir með á fund
- atvikaskráning gerð af skólastjóra í Mentor, einungis nota valmöguleika þar
- unnið að lausnum í samstarfi við viðeigandi aðila utan skólans.

Slysaskráning: á nemendur í safnmöppu – á starfsfólk hjá vinnueftirliti, öryggisráðgjafar – ath. með tilkynningu til barnaverndar